

Bláskógabyggð

[Ásta Stefánsdóttir](#)

Umsögn birt **5.01.2026**

Umsögn sveitarstjórnar Bláskógabyggðar frá 401. fundi 05.01.2026:

Nýtingarleyfi fyrir borholu RH-07 - 2502031

Erindi Skipulagsstofnunar, dags. 02.01.2026, þar sem óskað er umsagnar um fyrirspurn um matsskyldu vegna nýtingar jarðhita í Reykholti (RH-07).

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur að nýting á jarðhita úr borholu RH-07 í Reykholti, þar sem heildarmagn jarðhitavatns sem nýtt verður í Reykholti mun verða 60-65 L/s, sé ekki háð umhverfismati.

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

6. janúar 2026
UOS2601017/M.G.

Umsögn um tilkynningu til ákvörðunar á matsskyldu – Jarðhitanyting í Reykholti

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 2. janúar 2025 þar sem óskað var umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar vegna tilkynningar jarðhitanytingar í Reykholti, Bláskógabyggð, til ákvörðunar um matsskyldu á grundvelli 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Leyfisveitingar

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að samkvæmt 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu, nr. 57/1998 er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi Umhverfis- og orkustofnunar hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum með þeim undantekningum sem greinir í lögunum. Slíkt leyfi þarf að liggja fyrir áður en nýting hefst.

Borholur

Umhverfis- og orkustofnun vekur athygli á því að sbr. lög nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu skal skila gögnum um borholur til stofnunarinnar. Kröfur þess efnis hafa verið dregnar saman í borholureglur sem lúta að skráningu, hönnun og frágangi borholna, sem og skil á upplýsingum til Umhverfis- og orkustofnunar¹.

Vatnamál

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að þar sem framkvæmdin gerir ráð fyrir jarðhitanytingu þarf að fjalla um áhrif framkvæmdarinnar á vatn í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027². Slíkt áhrifamat skal fylgja umsókn um nýtingarleyfi.

Framkvæmdaraðili þarf að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem um ræðir til að meta hvort framkvæmdirnar munu

¹ [Borholureglur á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar](#)

² [Vatnaáætlun 2022-2027 á vefsíðu UOS.](#)

valda því að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum. Sjá nánar á vefsíðu stjórnar vatnamála.³ Slíkt áhrifamat skal m.a. innihalda upplýsingar um:

- Vatnshlotið sem um ræðir, núverandi ástand þess og umhverfismarkmið.
- Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðapætti sem eru notaðir til að ástandsmeta vatnshlotin (sjá töflu á vefsíðu stjórnar vatnamála). Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif, bein eða óbein, á gæðapættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna.
- Mat á því hvort framkvæmdin valdi því að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin náist ekki.
- Hugsanlegar mótvægisaðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (þ.e. ef kemur í ljós að umhverfismarkmiðin nást ekki).
- Samlegðaráhrif allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri) sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotið.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfis- og orkustofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst,

María Guðmundsdóttir

Teymi leyfa og umsagna

Vigdís Louise Jónsdóttir

Teymi leyfa og umsagna

³ [Leiðbeiningar vegna áhrifamats á vatnshlot](#)



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Selfossi, 2. febrúar 2026
2601017HS RS

Efni: Jarðhitanyting í Reykholti - umsögn um tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu

Þann 2. janúar sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðrar jarðhitanytingar í Reykholti í Bláskógabyggð.

Boruð hefur verið ný vinnsluhola RH-7 sem sveitarfélagið hyggst nýta fyrir ört stækkandi byggð í Reykholti. Einnig er mögulegt að fleiri vinnsluholur verði boraðar í framtíðinni ef skortur verður á heitu vatni. Mælingar ÍSOR sýna að RH-7 afkastar 20 s/l í sjálfrennsli. Svæðið tengist grunnvatnshlotinu Kerlingarfjöll-Hreppar 103-287-G og í greinargerð ÍSOR kemur fram að nýting RH-7 til viðbótar við þá nýtingu sem farið hefur fram í Reykholti er ekki talin líkleg til að hafa áhrif á grunnvatnshlotið.

Við mat á helstu umhverfisáhrifum framvæmdarinnar voru athuguð áhrif hennar á umhverfispættina framkvæmdasvæði, umferð, hljóðvist, grunnvatn, lífríki og umhverfi manna og dýra. Að teknu tilliti til grunnástands, viðmiða, mögulegra umhverfisáhrifa og mótvægisáðgerða voru áhrif framvæmdarinnar talin vera óveruleg.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir jarðborunum og orkuveitum frá 1 MW starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018



um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig veitir embættið starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum standur, s.s. efnisnámi, fyllingu þar sem hentugur úrgangur sem ekki er spilliefni er nýttur á tæknilegan hátt við landmótun og eftir atvikum verktakaaðstöðu skv. ofangreindri reglugerð auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Rán Sturlaugsdóttir

Rán Sturlaugsdóttir
heilbrigðisfulltrúi



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavarðarsvið

Suðurgötu 39
101 Reykjavík
Sími: (354) 570 13 14

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 3. febrúar 2026
MÍ202601-0019/ 6.07 / P.H.

Efni: Jarðhitanýting í Reykholti í Bláskógabyggð (nr. 0002/2026) – Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið erindi Skipulagsstofnunar í Skipulagsgáttinni, þar sem óskað er eftir umsögn um matsskyldufyrirspurn vegna áforma sveitarfélagsins Bláskógabyggðar um nýtingu jarðhita í Reykholti. Boruð hefur verið ný vinnsluhola (RH-7) sem sveitarfélagið hyggst nýta fyrir stækkandi byggð á staðnum. Greinargerð var unnin af ÍSOR, *Jarðhitanýting í Reykholti, Bláskógabyggð. Fyrirspurn um matsskyldu*, dagsett 17. október 2025. Meðal fylgiskjala er einnig minnisblað frá Eflu, *Reykholt – hreinsistöð og borhola*, dagsett 27. nóvember 2025, ásamt yfirlitsmynd af fyrirhugaðri lagnaleið frá borholunni.

Fyrirliggjandi fornleifaskráning á svæðinu var gerð í tengslum við aðalskipulagsgerð Bláskógabyggðar og gefin út í skýrslu árið 2016, Elín Ósk Hreiðarsdóttir et. al, *Aðalskráning fornleifa í Bláskógabyggð II: Fornleifaskráning innan landamerkja Litla- og Stóra-Fljóts* (Fornleifastofnun Íslands ses. FS594-15223). Var hún metin fullnægjandi vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á deiliskipulagi í tengslum við ofangreindar framkvæmdir, sbr. umsögn Minjastofnunar Íslands, (dagsettar 16. apríl 2025 og 28. ágúst 2025) um deiliskipulagsbreytingarnar.

Samkvæmt fornleifaskránni eru engar þekktar minjar á umræddu borplani eða hinni afmörkuðu lóð, en af loftmyndum að dæma hefur þegar orðið nokkurt jarðrask norðan við lóðamörk, þar sem fornleifar er að finna (sbr. fylgiskjal – mynd af fornleifum við borsvæði). Um er að ræða minjar nr. ÁR-391:040 tóft beitarhúsa, vel greinileg á yfirborði. Hinar minjarnar sem skráðar eru á svæðinu (nr. ÁR-391:008), heimild um landamerki, eru horfar (árið 2015).

Liggur fyrir að rask í kringum borholuna er komið mjög nærri beitarhúsatóftinni. Minjar þessar eru *friðaðar* vegna aldurs, en allar minjar

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Þór Hjaltalín
Sviðsstjóri
thor@minjastofnun.is

sem náð hafa 100 ára aldri flokkast til fornleifa og er óheimilt að hrófla við þeim nema með leyfi Minjastofnunar Íslands, sbr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í ljósi þess hversu framkvæmdir eru komnar nærri minjunum og út fyrir bygginarreit óskar Minjastofnun eftir því að framkvæmdaraðili geri Minjastofnun grein fyrir því hvernig ætlunin er að tryggja varðveislu þessara minja.

Að öðru leyti virðast minjar ekki lenda í uppnámi vegna þessara framkvæmda og frá sjónarhóli fornminjavörslu telur Minjastofnun ekki þörf á að framkvæmd þessi fari í umhverfismat, en gera þarf ráðstafanir svo að minjar þær sem nefndar eru hér að ofan spillist ekki við framkvæmdir.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Þór Ingólfsson Hjaltalín
Sviðstjóri minjavarðasviðs

